

**Mál nr. 358/2018****M og  
vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar X****Vinnuslys í sláturhúsi 23.10.2017.****Gögn.**

Málskot málskotsaðila, móttakið 2.11.2018, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V, dags. 15.11.2018, ásamt fylgigögnum þ.á.m. vinnulýsingu við sauðfjárslátrun nr. A022, myndir af starfstöð M, tölulegar upplýsingar um fjölda slátraðra lamba og tilkynning um vinnuslys dags. 12.7.2018.

Bréf lögmanns M, dags. 27.11.2018.

**Málsatvik.**

Í málskoti kemur fram að M slasaðist á hendi við vinnu sína hjá X hinn 23. október 2017. Í málskoti er atvikum lýst þannig að M hafi unnið við að hengja upp kindaskrokka á þar til gerða króka færribands sem hreyfast að honum hverju sinni. M telur að hraði færribandsins hafi verið nokkur þann dag sem hann slasaðist og hafi venjulegt verklag verið þannig að kindaskrokkar þeir sem hann hafi átt að hengja upp á króka hafi almennt verið rafstuðaðir og kindur skornar á háls áður en hann hengdi þær upp. Á tjónsdegi hafi hins vegar einn kindaskrokkurinn kippst við þegar hann hafi verið að hengja hann upp og telur M að það hafi verið vegna þess að rafstuðið hafi ekki verið nægilegt. Við þann kipp hafi löpp af kindaskrokknnum slengst í hönd hans með þeim afleiðingum að hann slasaðist. Staðfest er í gögnum málsins að M leitaði samstundis til læknis og skv. tjónstilkynningu X til V, dags. 12.7.2018, var hann óvinnufær frá tjónsdegi til 30. október 2017. Í þeirri tjónstilkynningu lýsir starfsmaður X atvikum þannig að M hafi verið „... að vinna í sláturhúsinu við að hengja kindaskrokka á mótórknúid stál færriband þegar hangandi skrokkur skall í hann með þeim afleiðingum að fingur brotnaði og hönd bólgnáði upp.“ Í tjónstilkynningu til Sjúkratrygginga Íslands dags. sama dag er atvikum lýst með sama hætti af hálfu X.

M telur að líkamstjón hans megi rekja til þess að X hafi ekki gætt þess að vinnuaðstæður væru almennt öruggar og sérstaklega þegar byrðar eru handleiknar sem og að hraði færribands í greint sinn hefði gert vinnuaðstæður hans mun hættulegri. Einnig bendir M á að aðstæður á slysstað og aðdragandi hafi ekki verið rannsakaður af hálfu Vinnueftirlitsins þar sem X hafi ekki tilkynnt slysið í samræmi við skyldu fyrirtækisins skv. 79. gr. laga nr. 46/1980. Þannig eigi að leggja til grundvallar lýsingu M af atvikum í samræmi við dómafrankvæmd þar um.

V telur skaðabótaábyrgð X ekki fyrir hendi og telur að lýsingar M af atvikinu séu misvísandi í gögnum málsins. Einnig bendir V á að ekki sé sýnt að færriband hafi verið keyrt of hratt í greint sinn og vísar til eigin tölulegra upplýsinga um að færri lömbum hafi verið slátrað þennan dag en aðra daga. V telur að slys M sé óhappatílvik sem enginn beri skaðabótaábyrgð á.

**Álit.**

Í gögnum málsins kemur skýrt fram að M var óvinnufær strax á slysdegi. Á atvinnurekendum hvílir sú skylda að tilkynna án tafar um slík slys skv. 1. mgr. 79. gr. laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980. Í dómafrankvæmd hefur vanræksla á slíkri skyldu verið túlkuð þannig að leggja verði skýrslu tjónþola til grundvallar varðandi lýsingu á málsatvikum. Í þessu máli verður ekki önnur ályktun dregin af lýsingum M en að kindaskrokkur hafi slengst í hönd hans af nokkru afli og telur hann að það hafi verið vegna þess að ekki hafi verið beitt nægilegum rafstraumi á skrokkinn áður en átti að hengja hann upp á þar til gerða króka og að hraði færribands hafi verið nokkur. Nægilega miklar líkur verða leiddar af því til að leggja til grundvallar að vinnuaðstæður hafi þannig ekki verið í samræmi við fyrirmæli laga nr. 46/1980 og reglur þeim tengdar að sönnunarbyrði verður lögð á X um að slys M verði rakið til annars. Þegar litið er til gagna málsins í heild verður slys M rakið til aðstæðna á vinnustað hans sem X ber ábyrgð á en ekki til óhappatílvíks. Háttsemi M

verður ekki heimfærð undir 23. gr.a skaðabótalaga nr. 50/1993 þannig að hann beri hluta tjóns síns sjálfur. Á M því rétt til fullra bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

**Niðurstaða.**

M á rétt á fullum bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 20. desember 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.